

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
7. fundur 2018 (82. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 20.07.2018 kl. 08:15 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Steinþór Einarsson	skipulagsnefnd
Einar Jón Pálsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Anna Margrét Tómasdóttir	Mannvirkjastofnun

Kristinn Halldórsson og Guðlaugur H. Sigurjónsson boðuðu forföll.

1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar

Lögð var fram greinargerð VSÓ Ráðgjafar, dags. 06.07.2018, þar sem brugðist er við athugasemdum sem bárust við auglýsingu á breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar sbr. bókun þar um á fundi skipulagsnefndarinnar þann 22.06.2018. Skipulagsnefndin samþykkti greinargerðina og verður hún send Skipulagsstofnun til afgreiðslu málsins.

Til viðbótar áður komnum athugasemdum eða ábendingum barst erindi frá Samgöngustofu, dags. 10.07.2018, þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við skipulagstillöguna en ýmsir tengdir þættir áréttaðir.

Með vísun í 35. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkti skipulagsnefndin að ekki er tilefni til heildarendurskoðunar aðalskipulags Keflavíkurflugvallar á þessum tímapunkti.

2. Stjórnsýslukæra vegna deiliskipulags Háaleitishlaðs – viðbrögð skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar

Undir þessum lið sat fundinn Glóey Helgudóttir Finnsdóttir lögfræðingur Isavia.

Lögð var fram tillaga að greinargerð skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála varðandi stjórnsýslukæru vegna deiliskipulags Háaleitishlaðs sem fjallað var um á fundi skipulagsnefndarinnar þann 22.06.2018.

Formanni skipulagsnefndarinnar og skipulagsfulltrúa var falið að ganga frá endanlegri greinargerð í samræmi við umræður sem fram fóru á fundinum.

3. **Aðalskipulag Sveitarfélagsins Garðs**

Lagt var fram erindi Sveitarfélagsins Garðs, dags. 25.06.2018, þar sem tilkynnt var að bæjarstjórn hefði samþykkt, að aflokinni lögbundinni kynningu, á fundi sínum þann 04.04.2018 breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs 2013 – 2030 vegna Rósaselstorgs, Garðvangs og hindrunarflata Keflavíkurflugvallar.

4. **Byrðingsstöð (Boarding Station)**

Skipulagsfulltrúi kynnti fyrirætlanir Isavia um byggingu fjögurra byrðingsstöðva. Málið mun koma til skipulagsnefndarinnar sem sérstakt erindi á næsta fundi nefndarinnar.

5. **Matsáætlun fyrir framkvæmdir vegna stækkunar Keflavíkurflugvallar til 2025**

Skipulagsfulltrúi kynnti drög að tillögu að matsáætlun vegna stækkunar Keflavíkurflugvallar til ársins 2025 sem auglýst hefur verið opinberlega. Markmið Isavia er að meta umhverfisáhrif framkvæmda við flugvöllinn í heild sinni frekar en að tilkynna einstaka framkvæmdir eftir því sem fram vindur. Er það til að auðvelda viðkomandi aðilum að fá yfirsýn yfir framkvæmdirnar og samlegðaráhrif uppbyggingar á flugvellinum verða skýrari.

6. **Deiliskipulag Flugstöðvarsvæðis - húsakönnun**

Lögð var fram húsakönnun vegna deiliskipulags Flugstöðvarsvæðis sem er um það bil að verða fullbúin.

Umræður urðu um bindingu húsakönnunar gagnvart skipulagi og útliti húsa.

7. **Skipulagsreglur – staða mála**

Skipulagsfulltrúi gerði grein fyrir stöðu mála við vinnu við gerð skipulagsreglna fyrir Keflavíkurflugvöll. Góðar vonir erum um að unnt verði að afgreiða skipulagsreglurnar innan tíðar til umsagnar hjá Samgöngustofu og síðan til samgönguráðuneytisins til frekari ákvörðunar.

8. **Girðing umhverfis aðflugsljós til suðurs**

Isavia óskar eftir framkvæmdaleyfi vegna fyrirhugaðrar girðingar umhverfis aðflugsljós að sunnanverðu við norður – suður flugbraut Keflavíkurflugvallar.

Girðingin er í samræmi við aðalskipulag Keflavíkurflugvallar og samþykkti skipulagsnefndin framkvæmdaleyfi vegna gerðar hennar.

9. **Næsti fundur**

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 24. ágúst 2018 kl. 08:15.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx